

Nd.

379. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Eigi má greiða fé úr sjóðnum nema samkvæmt sérstökum lögum í hvert sinn.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Sjóðurinn skal vera í umsjá fjármálaráðherra og ávaxtast í Landsbanka Íslands, enda sé fé hans jafnan handbært.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um hafnarbótasjóð er svo ákveðið í 4. gr., að ekki megi greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum. Samkvæmt þessu er ekki hægt að veita fé úr sjóðnum, fyrr en þetta hefur verið gert. Í þessu frv. er kveðið á um það, með hverjum hætti skuli veita fé úr sjóðnum. Verður ekki annað ráðið af 4. gr. laganna en tilætlunin sé, að þetta verði gert með sérstökum lögum í hvert sinn, eins og lagt er til í frv.

Þá eru einnig tekin upp í frv. ákvæði um vörzlu sjóðsins og ávöxtun hans. Samkvæmt eðli málsins getur það ekki orkað tvímælis, að fjármálaráðherra sé falin umsjá hans og að sjóðurinn sé ávaxtaður í þjóðbanka landsins þannig, að fé hans sé jafnan handbært.